

Djúpivogur 31. janúar 2024

Til heimastjórnar Djúpavogs, sveitastjórnar Múlaþings og þeirra er málið varða,

Foreldrafélag Djúpavogsskóla óskar hér með eftir samstarfi við Múlaþing um starfsemi nytjamarkaðarins Notó eða svörum varðandi hvaða aðgerðir sveitafélagið hefur til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og flokkun á Djúpavogi.

Frá árinu 2017 hefur foreldrafélag Djúpavogsskóla rekið Notó, nytjamarkað til styrktar barnastarfi á Djúpavogi, í þágu samfélagins.

Stofnun Notó á sínum tíma var svar við ört vaxandi þörfum og kröfum um flokkun, endurnotkun og endurnýtingu og hefur verið stór þáttur í endurvinnslumálum á Djúpavogi síðan. Notó tekur við hlutum, heimilisbúnaði, raftækjum og fleiru sem íbúar voru vanir, og þyrftu mögulega annars að henda eða farga á annan hátt. Opnanir voru einu sinni í viku og hafa foreldrar barnanna í Djúpavogsskóla staðið vaktina bæði við það að raða upp þeim hlutum sem komu inn í hillur og séð um opnanir svo það hafa komið ótal margir að þeirri sjálfböðavinnu í gegnum árin.

Það hefur verið ómetanlegur stuðningur frá sveitafélagsinu síðustu ár, fyrst Djúpavogshrepps og síðar Múlaþings, að veita foreldrafélaginu húsnæði endurgjandslaust til þess að endurnýta eignir Djúpavogsbúa. Foreldrafélagið hefur fengið afnot af Bræðslunni, Vogshúsinu og núna síðast Faktorshúsinu en við þurftum að rýma húsnæðið í byrjun janúar þegar nýr aðili tók við húsnæðinu.

Miðað við umfangið sem farið hefur í gegnum Notó síðustu ár er engin spurning að þetta hefur létt á starfsemi sorphirðu, flokkunnar og förgunnar á Djúpavogi.

Salan í Nótó á þessum árum var um 2.000.000 (féll alveg niður í covid) gróflega reiknað kostaði hver hlutur að meðaltali 500 kr. sem þýðir að á 6 árum seldust 4000 hlutir, allt frá litlu skarti upp í sófasett og borðstofuborð. Ef meðal þyngd hver hlutar voru 1 kg. Þá var þetta um 4 tonn, líklegar er að meðalþyngdin hafi verið 2-4 kg. Eða 8-16 tonn. Kostnaður og neikvæð umhverfisáhrif við að farga þessu, flokka og koma þessu frá Djúpavogi er langt umfram þann kostnað sem sveitafélagið hefur borið undanfarin ár með því að styrkja foreldrafélagið um húsnæði.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs 2003 nr. 55 20. Mars segir:

■ [6. gr. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

□ Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og **auka endurnotkun og endurnýtingu**. Í áætluninni

skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, **aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun** og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.”

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003055.html>

Foreldrafélagið er tilbúið að taka áfram á móti varningi frá Djúpavogsbúum og styðja þannig sveitafélagið til þess að standast lög um meðhöndlun úrgangs, létta á flokkun og förgun á staðnum, lækka kostnað sveitafélagsins í þessum málaflokki og ná markmiðum Citta slow:

„Ábyrgð okkar gagnvart náttúrunni og komandi kynslóðum krefst þess að við séum sparsöm og látum okkur annt um móður jörð. Að enduruppgötva hæglæti þýðir að velja framtíð gæða, fyrir okkur sjálf og, í anda samstöðu, fyrir aðra.

Að vinna að sjálfbærni, verja umhverfið og draga úr óhóflegu vistfræðilegu fótspori okkar þýðir að skuldbinda okkur til að enduruppgötva/ endurnýta hefðbundna þekkingu og nýta auðlindir okkar sem best með endurvinnslu og endurnotkun með því að beita nýrri tækni.”

<https://www.cittaslow.org/content/our-principles>

Það er engin spurning að Notó var og er mikilvægur hluti af Djúpavogi og mikilvægur samstarfaðili sveitafélagsins Múlaþings þegar kemur að endurnýtingu, flokkun og förgun.

Innkoma Notó hefur svo runnið beint til barnanna og meðal þess sem fjármagnað hefur verið eru útirólur, leikrit, stutt var við kaup á leikkastala á leiksvæði, námskeið, fyrirlestrar, veitingar á viðburðum í Djúpavogsskóla, stutt ferðalög fyrir nemendur, fjölbreyttar smiðjur og fleira sem annars hefði ekki orðið og/eða hefði verið kostnaður fyrir sveitarfélagið.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fóru til Notó árið 2020. Hægt er að lesa meira um það hér: <https://www.samband.is/frettir/foreldraverdlaunin-foru-a-djupavog/>.

Notó er nú þegar saknað enda hefur það gegnt miklu félagslegu hlutverki á Djúpavogi þar sem fólki fannst gott að koma á laugardögum, hitta annað fólk og eiga góða stund saman.

Við óskum því eftir því að Múlaþing leggi áherslu á að finna aðstöðu fyrir flokkun og endurnýtingu hluta sem óþarfi er að farga þó eigendur hafi ekki not fyrir þá lengur, aðrir hafa mögulega not fyrir þá og Notó sér til þess að þessi hringrás eigi sér stað með samstarfi við Múlaþing.

Virðingafyllst,
Stjórn Foreldrafélag Djúpavogsskóla